



Skagafjörður

Reglur um sölu á íbúðum í eigu sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Sveitarfélagið Skagafjörður samþykkir eftirfarandi reglur um sölu á íbúðum sveitarfélagsins, hvort heldur sem er hjá Félagsíbúðum Skagafjarðar eða Eignasjóði Skagafjarðar.

1. Farið skal eftir lista sem gerður er fyrir þrjú ár í senn yfir þær íbúðir sem sveitarstjórn ákveður að selja á hverju ári. Komi íbúðir til innlausnar hjá Félagsíbúðum, skal stjórn Eignasjóðs taka um það ákvörðun hverju sinni hvort viðkomandi íbúð skuli sett í sölu eða leigu.
2. Í byrjun hvers árs og eigi síðar en 10. janúar ár hvert, skal leigjendum í þeim íbúðum sem selja á á árinu gerð grein fyrir því með ábyrgðarbréfi að gildandi leigusamningur verði ekki endurnýjaður vegna áforma um að selja viðkomandi íbúð. Þó skal uppsagnarfrestur aldrei vera styttri en 3 mánuðir.
3. Hafi leigjandi búið tvö ár eða lengur í íbúð sem samkv. samþykkt stjórnar Eignasjóðs skal fara á sölulista á árinu, skal gefa viðkomandi leigjanda kost á að gera kauptilboð í íbúðina áður en íbúðin er sett á almennan markað. Kauptilboðið skal hafa borist stjórn Eignasjóðs a.m.k. mánuði áður en leigusamningur viðkomandi leigjanda rennur út.
4. Miða skal við verðmat lögg. fasteignasala á þeim íbúðum sem boðnar eru til sölu hverju sinni, þegar kauptilboð frá leigjendum eru metin. Sé kauptilboð frá leigjanda lægra en slíkt verðmat, skal stjórn Eignasjóðs gera viðkomandi leigjanda gagntilboð sem hann verður að taka afstöðu til innan 7 daga. Að þeim tíma liðnum, náist ekki samningar, skal íbúðin auglýst til sölu á hefðbundinn hátt og hefur leigjandi þá engan rétt fram yfir aðra tilboðsgjafa.

Samþykkt í byggðarráði þann 11. nóvember 2003 og staðfest af Sveitarstjórn Skagafjarðar á fundi þann 13. nóvember 2003.